

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT FÉLAGA

---

## 1. grein

Íslandsmót Félaga skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni, eitt kvenna og eitt karla. Sendi félag eitt lið til keppni má það vera blandað konum og körlum.

Keppt er bæði í kvenna flokki og opnum flokki.

Ef þrjú félög senda inn kvennalið skal leika tvo leiki milli liða í hverri umferð.

Ef aðeins tvö félög senda inn kvennalið er aðeins keppt í opnum flokk, en innbyggðis viðureignir kvennaliðanna gilda til Íslandsmeistaratitils.

Ef aðeins eitt kvennalið er skráð, er ekki keppt um kvennatitilinn.

## 2. grein

Rétt til þátttöku í félagakeppninni hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skrá lið sín innan tilskilins þáttökufrests.

## 3. grein

Bæði karlar og konur geta myndað lið sem samanstendur af minnst 4 keppendum. Konur fá 8 pinna í forgjöf á hvern leik.

## 4. grein

Hver viðureign fer fram á fjórum brautum þannig að 2 keppendur frá hvoru félagi eru á hvoru brautarparinu. Keppendur frá sama félagi skulu hefja leik á sömu braut.

### Stigagjöf:

Í hverri viðureign er leikinn einn leikur ( þ.e. 4 leikmenn x 1 leikur) og teljast stig þannig fyrir viðureignina: Hver leikmaður getur unnið sér inn 1 stig í hverjum leik (samtals 4 stig), hvor tvímennningur getur unnið sér inn 2 stig (samtals 4 stig) og liðið í heild getur unnið sér inn 1 stig, þetta gerir heildar stigafjölda 9. Verði jafntefli skal skipta stigum.

Ef jafnt er að stigum að lokum öllum umferðunum sker heildarskor úr keppninni úr um sæti, þ.e. það félag sem er með hærra skor hlýtur efra sætið.

## 5. grein

Ekki er hægt að fresta viðureign og ekki er hægt að fá fjarveruskor, einungis er hægt að fá varaskor ef leikmaður meiðist og þarf að yfirgefa leik – varaskor skal vera 150 stig miðað við heilan leik.

## 6. grein

Að öðru leyti gilda almennar keppnisreglur KLÍ.

## 7. grein

Mótanefnd KLÍ annast undirbúning og framkvæmd keppinnar.

*Breytt á þingi KLÍ 18. maí 2010 og útfært af stjórn og samþykkt af formönnum í september 2010*